

1984 nr. 9 30. mars**Lög um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri****I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Framlög manna til atvinnurekstrar eru frádráttarbær frá skattskyldum tekjum innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 4. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. þeirra laga.

■ **2. gr.** Frádráttur samkvæmt lögum þessum skal nema aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri eins og nánar er kveðið á um í þessari grein. . . .¹⁾

□ Fjárfesting í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum telst:

A. Innborganir á stofnfjárreikninga samkvæmt II. kafla laga þessara.

B. Kaup á hlutabréfum í félögum sem fullnægja skilyrðum III. og V. kafla og framlög í starfsmannsjóði samkvæmt IV. kafla laga þessara.

C. Kaup á hlutabréfum í öðrum félögum sem ekki fullnægja skilyrðum samkvæmt III. og V. kafla laga þessara um frádrátt. Til þessa flokks teljast einnig öll hlutabréf í eigu manna við gildistöku laga þessara.

□ Til frádráttar samkvæmt 1. mgr. telst heildarfjárfesting samkvæmt liðum A og B að frádræginni heildarfjárhæð úttektar úr starfsmannsjóði og söluverði hlutabréfa samkvæmt liðum B og C þegar frá söluverði hlutabréfa samkvæmt lið C hefur verið dregið kaupverð sams konar hlutabréfa. Að því leyti sem úttekt úr starfsmannsjóði og söluverð hlutabréfa, þannig reiknað, er umfram fjárfestingu samkvæmt liðum A og B dregst mismunurinn, framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, frá frádráttarbærri fjárfestingu á næstu árum þar til hann hefur verið að fullu jafnaður. Það sem enn kann að vera ójafnað að tíu árum liðnum fellur niður.

¹⁾ L. 85/1991, 18. gr.

II. kafli. Stofnfjárreikningar.

■ **3. gr.** Einstaklingar, sem leggja fé inn á stofnfjárreikning í því skyni að stofna síðar til eigin atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi hér á landi, geta dregið þau framlög frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. Þessi frádráttur er bundinn því skilyrði að framlagið sé lagt inn á stofnfjárreikning fyrir lok tekjuárs.

■ **4. gr.** Stofnfjárreikningar eru sérstakir bundnir innlánsreikningar við innlenda banka eða sparisjóði sem skulu bera nafn og nafnúmer eiganda. Innstæður á reikningum þessum skulu vera verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu, en um vexti af þeim fer eftir reglum sem á hverjum tíma gilda um slíka innstæðureikninga sem bundnir eru í a.m.k. sex mánuði.

■ **5. gr.** Þegar skattaðili hefur eigin atvinnurekstur stendur innstæða stofnfjárreiknings honum til afnota, enda hafi innborganir á reikninginn verið bundnar í a.m.k. sex mánuði frá lokum þess tekjuárs sem innborgun fór fram á. Enn fremur þarf skilyrðum sky. 6. og 7. gr. að vera fullnægt.

■ **6. gr.** Skattaðili telst hefja atvinnurekstur í þessu sambandi þegar kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, nemur samtals 200.000 kr. þegar kaupverðið hefur verið framreiknað frá kaupári eftir ákvæðum 26. gr. þeirra laga. Telja má andvirði vörubirgða í lok stofnars með þegar meta skal hvort lágmarksfjárhæð er náð. Hafi

umræddar eignir verið keyptar meira en tveimur árum fyrir upphaf stofnars teljast þær eignir ekki með við þennan útreikning.

■ **7. gr.** Úttekt af stofnfjárreikningi telst til tekna á úttektarári að $\frac{2}{3}$ hlutum, en hina skattskyldu fjárhæð er heimilt að nýta á sama ári til sérstakra fyrninga af fyrnanlegum eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu, eða til sérstakra flýtifyrninga af slíkum eignum sem ætlaðar eru til öflunar tekna í atvinnurekstri en ekki hafa verið teknar í notkun í lok viðkomandi reikningsárs. Þriðjungur úttektar af stofnfjárreikningum telst ekki til skattskyldra tekna.

□ Með úttekt samkvæmt þessari grein er átt við úttekt á höfuðstól að meðtöldum verðbótum, en án vaxta. Um vexti af stofnfjárreikningum fer eftir ákvæðum 1. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981.

■ **8. gr.** Hafi stofnun eigin atvinnurekstrar, sbr. 6. gr., ekki farið fram innan sex ára frá lokum innborgunarárs skal heildarfjárhæð innborgunar ásamt verðbótum teljast til skattskyldra tekna á næsta ári eftir að ráðstöfun skyldi vera lokið. Sama gildir ef ráðstöfun hefur ekki farið fram eftir reglum þessum innan tilskilinna tímamarka, en þá telst úttektin til tekna á ráðstöfunarári.

□ Ef innstæðu á stofnfjárreikningi eða hluta hennar er ekki ráðstafað á heimilaðan hátt og því talin til tekna, sbr. ákvæði þessarar greinar, er ekki heimilt að nota hina skattskyldu fjárhæð til sérstakra fyrninga samkvæmt ákvæðum 7. gr.

□ Nú andast skattaðili, sem myndað hefur innstæður á stofnfjárreikningi, eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skulu þá $\frac{2}{3}$ hlutar innstæðunnar að meðtöldum verðbótum, en án vaxta, teljast til skattskyldra tekna.

■ **9. gr.** Óheimilt er skattaðila að framselja eða veðsetja innstæður á stofnfjárreikningum og þær eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna, en þær skulu þó vera til tryggingar skattkröfum samkvæmt 8. gr.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd ákvæða um stofnfjárreikninga.

III. kafli. Fjárfesting í hlutabréfum.

■ **10. gr.** [Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í innlendum hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 11. gr., geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum.

□ . . .¹⁾

□ Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjárlaugningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkun samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.]²⁾

¹⁾ L. 147/1994, 17. gr. ²⁾ L. 44/1991, 2. gr.

■ **11. gr.** Frádráttur samkvæmt 10. gr. er bundinn því skilyrði að um sé að ræða hlutafélög með hlutafé a.m.k. að fjárhæð [12.000.000 kr.],¹⁾ fjöldi hluthafa sé a.m.k. [25],¹⁾ engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir.

□ Hlutafélag, sem fullnægja vill skilyrðum þessa kafla, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næst liðið reikningsár sem gerður skal samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Ríkisskattstjóri skal árlega veita hlutafélagi staðfestingu á að skilyrðum hafi verið fullnægt. Halda skal hann sérstaka skrá um þau

hlutafélög sem staðfestingu hljóta og skal hún vera öllum opin.

¹⁾ L. 118/1989, 3. gr.

IV. kafli. Starfsmannasjóðir.

■ **12. gr.** Einstaklingar, sem leggja fé í starfsmannasjóði sem myndaðir eru eftir ákvæðum þessa kafla, geta dregið það tillag frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að því leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum.

■ **13. gr.** Með starfsmannasjóði samkvæmt lögum þessum er átt við sameignarfélag sem starfar í tengslum við tiltekið hlutafélag og er eingöngu myndað af starfsmönnum sem hjá hlutafélaginu starfa. Markmið starfsmannasjóðs skal eingöngu vera að kaupa hlutabréf í hinu tengda hlutafélagi.

■ **14. gr.** Skilyrði fyrir stofnun starfsmannasjóðs eru að hlutafé þess félags, sem sjóðurinn er tengdur, sé a.m.k. 3.000.000 kr., starfsmannafjöldi a.m.k. 30 og að félagið fullnægi að öðru leyti ákvæðum 11. gr. um annað en lágmarksfjölda hluthafa.

■ **15. gr.** Áður en starfsmannasjóður getur tekið við frádráttarbærum framlögum skal félagssamningur staðfestur af ríkisskattstjóra. Félagssamningur skal undirritaður af a.m.k. þriðjungi starfsmanna, en þar sem starfsmenn eru 90 eða fleiri nægir þó að 30 starfsmenn undirriti félagssamning.

■ **16. gr.** Starfsmannasjóður skal opin öllum starfsmönnum og skal stjórn hans skipuð fimm mönnum. Fjórir skulu kosnir af sjóðsfélögum, en einn skal nefndur af stjórn hins tengda hlutafélags og skal hann jafnframt hafa rétt til setu á almennum fundum sjóðsins.

■ **17. gr.** Tillögum í starfsmannasjóð skal ráðstafað jafnóðum til kaupa á hlutabréfum í hinu tengda hlutafélagi. Aldrei skal vera meira fé óráðstafað en nemur tillögum síðustu sex mánaða. Fari óráðstafað fé fram úr því skulu síðustu tillög endurgreidd sjóðsaðilum sem þau greiddu þar til lögmæltu marki er náð.

□ Stjórn sjóðsins getur ákveðið stöðvun á móttöku framlaga, en tilkynna skal það starfsmönnum án tafar.

■ **18. gr.** Aðilar að sjóðnum fara sjálfir með atkvæði á hluthafafundum í hinu tengda hlutafélagi í hlutfalli við aðild sína að sjóðnum og hlutdeild sjóðsins í heildarhlutafé. Enginn einn aðili að sjóðnum getur farið með meira atkvæðamagn en 5% af heildarhlutafé hlutafélags vegna aðildar sinnar að sjóðnum.

■ **19. gr.** Tillög í starfsmannasjóð skulu vera bundin í a.m.k. fimm ár frá því að þau eru innborguð. Hætti sjóðsaðili störfum hjá hinu tengda hlutafélagi skal innstæða hans þó ekki vera bundin lengur en í eitt ár frá því að hann hætti störfum. Eftir þann tíma getur hann ekki átt aðild að viðkomandi starfsmannasjóði.

■ **20. gr.** Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og skal hann gerður eftir góðum reikningsskilavenjum. Hann skal undirritaður af stjórn sjóðsins og endurskoðendum sem skulu vera hinir sömu og hjá hinu tengda hlutafélagi.

□ Ársreikningur skal lagður fyrir almennan félagsfund til afgreiðslu.

□ Staðfestur ársreikningur skal hafa borist ríkisskattstjóra innan fimm mánaða frá lokum reikningsárs.

■ **21. gr.** Ef hlutafélagi er slitið ber að leysa upp starfsmannasjóð sem við það er tengdur. Sama gildir ef hlutafélag uppfyllir ekki lengur skilyrði 14. gr. Einnig ber að leysa upp starfsmannasjóð ef sjóðurinn uppfyllir ekki lengur skilyrði í 15. gr. um fjölda sjóðsfélaga.

□ Óheimilt er sjóðsfélaga að framselja eða veðsetja innstæður í starfsmannasjóði og þær eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna.

V. kafli. Fjárfestingarfélög.

■ **22. gr.** Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í fjárfestingarfélögum sem sérstaklega eru mynduð til fjárfestingar í áhættufé atvinnufyrirtækja, skuldabréfum eða annarri hliðstæðri fjármögnun slíkra fyrirtækja, geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum. Lög nr. 32/1978, um hlutafélög,¹⁾ gilda um fjárfestingarfélög að því leyti sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum.

¹⁾ Ná l. 2/1995.

■ **23. gr.** Fjárfestingarfélag skal hafa það að meginmarkmiði sínu að fjárfesta í áhættufé og skuldabréfum atvinnufyrirtækja.

□ Heildarfjármagni fjárfestingarfélags skal a.m.k. að 90% varið til fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum. Skal fjárfestingin vera í formi hlutabréfa, skuldabréfa atvinnufyrirtækja eða annarri hliðstæðri fjármögnun atvinnurekstrar. Fjárfesting í hlutabréfum skal ávallt vera helmingur af slíkri heildarfjárfestingu í atvinnufyrirtækjum. Fjárfesting í skuldabréfum samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, er atvinnurekstur stunda, skal jafngilda fjárfestingu í hlutabréfum í þessu sambandi, en þó skal fjárfesting í hlutabréfum aldrei vera undir 20% af heildarfjármagni.

□ Samanlögð fjárfesting fjárfestingarfélags í hlutabréfum, skuldabréfum og annarri fjármögnun eins og sama aðila má aldrei nema meira en 10% af heildarfjármagni fjárfestingarfélags. Fjárfestingarfélag má ekki eiga meirihluta hlutafjár í neinu hlutafélagi.

■ **24. gr.** Hlutafé fjárfestingarfélags skal vera a.m.k. að fjárhæð 5.000.000 kr. og getur enginn einn hluthafi farið með meira atkvæðamagn í félaginu á hluthafafundi en 5%. Engar hömlur má leggja á viðskipti með hlutabréf slíks félags og ársreikningar þess skulu öllum aðgengilegir.

□ Fjárfestingarfélag skal, innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs, senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næst liðið reikningsár sem gerður skal samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Í ársreikningnum eða með honum skal vera yfirlit um helstu flokka fjárfestingar og ávöxtun hvers flokks um sig. Ríkisskattstjóri skal árlega veita hlutafélagi staðfestingu á að skilyrðum þessa kafla hafi verið fullnægt. Halda skal hann sérstaka skrá um þau fjárfestingarfélög sem staðfestingu hljóta og skal hún vera öllum opin.

□ Bankaefirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með starfsemi fjárfestingarfélaga og gilda um það sömu reglur og gilda um eftirlit með bönkum og sparisjóðum eftir því sem við getur átt. Telji bankaefirlitið að starfsemi fjárfestingarfélags brjóti í bága við lög, reglur eða eðlilega viðskiptahætti skal það gera fjármálaráðherra viðvart. Getur ráðherra þá ákveðið að skilyrðum til frádráttar á hlutabréfakaupum í félaginu sé ekki lengur fullnægt ef ekki er úr bætt innan hæfilegs frests.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **25. gr.** Fjárhæðir, sem um ræðir í 6., 11., 14. og 24. gr., skulu breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 . . .¹⁾

¹⁾ L. 85/1991, 18. gr.

■ **26. gr.** Ákvæði 11., 14. og 24. gr. um lágmark hlutafjár og ákvæði 11. gr. um lágmarksfjölda hluthafa miðast við fjárhæð innborgaðs hlutafjár og fjölda hluthafa í lok tekjuárs. Ríkisskattstjóri getur þó heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt lögum þessum þótt þessum skilyrðum hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um félag er að ræða sem stofnað var á árinu og fyrir liggur yfirlýsing þess um að stefnt sé að því að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að sala hlutabréfa hófst. [Einnig getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt lögum þessum þótt skilyrðum 11. gr. um lágmark hlutafjár og lágmarksfjölda hluthafa hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um er að ræða starfandi hlutafélag sem er að auka hlutafé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutafélagi staðfestingu þarf að liggja fyrir

yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn er geri það líklegt að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því ákvörðun var tekin um hlutafjárukningu eða fjölgun hluthafa.]¹⁾

¹⁾ L. 118/1989, 4. gr.

■ **27. gr.** Ríkisskattstjóri getur ákveðið að þeir, sem njóta vilja frádráttar samkvæmt lögum þessum, afhendi skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu í formi, sem hann ákveður, um atriði sem máli skipta varðandi frádráttinn.

□ Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvörðun um framkvæmd þessara laga.

■ **28. gr.** Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1984 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** ...